

Viðauki þessi, sem samin er og samþykktur af hreppsnefndum Þingvallahrepps, Grímsneshrepps og Grafningshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1905 sbr. lög nr. 84/1943 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1977.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Skúli Sigurðsson.*

17. febrúar 1977.

Nr. 131.

## AUGLÝSING

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á Byggingasamþykkt fyrir Þingvallahrepp, Grímsneshrepp og Grafningshrepp í Árnessýslu.**

Samkvæmt lögum nr. 19 20. október 1905 um byggingarsamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. desember 1943 um breytingar á þeim lögum og skipulagslög nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið í dag staðfest Byggingasamþykkt fyrir Þingvallahrepp, Grímsneshrepp og Grafningshrepp í Árnessýslu.

Byggingasamþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd þá, sem félagsmálaráðuneytið hefur staðfest og birt með auglýsingu nr. 23/1967 í B-deild Stjórnartíðinda.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1977.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Skúli Sigurðsson.*

18. febrúar 1977.

Nr. 132.

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 186 6. júní 1973 um Vatnsveitu Búðardals.**

**1. gr.**

1. mgr. 15. gr. orðist svo:

Vatnsskattur hvers árs fellur í gjalddaga með fasteignaskatti 15. janúar. Greiðist skatturinn ekki á réttum gjalddaga falla á hann dráttarvextir.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Laxárdalshrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 21. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. febrúar 1977.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Skúli Sigurðsson.*